



175. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 31. ágúst 2010 og hófst kl. 16:15.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Forföll: Lárus Blöndal varaforseti, Helgi Sigurðsson, Jón Gestur Viggósson og Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Ólympísk verkefni

Singapore 2010

Ólympíuleikar ungmenna í Singapore tókust afar vel og íslensku keppendunum gekk ágætlega. Forseti og framkvæmdastjóri dvöldu í Singapore yfir keppnisdagana en þegar keppni lauk þá tóku ungmennin þátt í ungmennapeingi og fjölbreyttri menningardagskrá. Skýrsla frá fararstjórum verður lögð fram síðar.

Rætt um mikilvægi þess að sérsambönd efla sambönd sín við alþjóðasambönd íþrótta og fylgist vel með þeim möguleikum sem í boði eru í tengslum við þátttöku í alþjóðlegum mótum.

Samþykkt að ítreka enn frekar mikilvægi virkrar þátttöku á þingum alþjóðasambanda.

EYOF 2011

Undirbúningur fyrir þátttöku í EYOF verkefnum 2011 er í eðlilegum farvegi. Fundur er áætlaður fljótlega með viðkomandi sérsamböndum.

Smáþjóðaleikar 2011

Undirbúningur er hafinn. Verið er að vinna að fjárhagsáætlun. Fundur er áætlaður með sérsamböndum í lok september.

Samþykkt eftirfarandi erindi Afrekssviðs um aðalfararstjóra á eftirtalda leika:

Smáþjóðaleikar – Örn Andrésson (áður samþykkt)

EYOF vetrarleikar – Friðrik Einarsson

EYOF sumarleikar- Helga H. Magnúsdóttir

London 2012

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Afrekssviðs munu sækja kynningarfundum í London 8.-9. september nk. á vegum LOCOG. Þar verður farið yfir helstu þætti í undirbúningi fyrir leikana. Fundur verður um aðgöngumiðamál í London 21. september og mun Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sækja þann fund.

Afrekssvið ÍSÍ og Fjármálaráð ÍSÍ munu vinna saman fjárhagsramma vegna þátttöku ÍSÍ í leikunum.

Fram kom að Ólympíusamhjálpin hefur samþykkt styrki til 7 íslenskra íþróttamanna til undirbúnings fyrir London 2012.

2. Formannafundur ÍSÍ

Eins og áður hefur verið samþykkt verður Formannafundur ÍSÍ haldinn 19. nóvember nk. Samþykkt að fundurinn verði haldinn í höfuðstöðvum ÍSÍ. Upplýsingar um dagsetningu fundar hefur þegar verið sett inn á heimasíðu ÍSÍ. Fyrri fundarboð verður sent út um miðjan október.

Samþykkt að kanna áhuga héraðssambanda að sameiginlegum fundi sama dag og Formannafundurinn verður haldinn.

3. Brasilískt Jiu Jitsu

Íþróttafélag sem sérhæfir sig í brasilísku jiu-jitsu og uppgjafarglímu hefur sótt um aðild að Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Þessar greinar eru ekki innan vébanda ÍSÍ og finnast ekki á listum yfir viðurkennd alþjóðasambönd í íþróttum.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkir ekki Brasilískt Jiu Jitsu og Uppgjafarglímu sem íþróttagreinar innan vébanda ÍSÍ.

4. Málefni Þríþrautar

Óskað hefur verið eftir því að Þríþrautarnefnd ÍSÍ verði endurvakin og lá fyrir bréf þess efnis frá áhugamönnum um íþróttina. Þríþrautariðkendum hefur farið mjög fjölgandi á undanförunum árum og er íþróttin nú iðkuð í 4 héruðum innan vébanda ÍSÍ og unnið markvisst að því að stofna deildir og félög á landsvísu.

Samþykkt að endurvekja Þríþrautarnefnd ÍSÍ og skipa eftirtalda í stjórn hennar:

Gísli Ásgeirsson
Trausta Valdimarsson
Stein Jóhannsson
Stefanie Gregersen
Corinna Hoffman

ÍSÍ hefur fengið aðild að Alþjóðaðríþrautarsambandinu og Evrópska þríþrautarsambandinu þannig að það hefur opnast fyrir þátttöku íslenskra keppenda á EM og HM.

5. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 174. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráð frá 16.6.2010, 20.7.2010, 9.8.2010 og 25.8.2010
- 53. fundur Almenningsíþróttasviðs frá 24.6.2010
- Afrekssviðs frá 13.7.2010
- Afrekssjóðs frá 5.8.2010

Eftirtaldar tillögur Afrekssjóðs ÍSÍ um styrkveitingar samþykktar:

KKÍ

KKÍ sér sér ekki fært að fullnýta þann styrk sem áður var veittur til landsliðsverkefna á árinu 2010 og mun því ekki verða um frekari styrkgreiðslur til KKÍ á þessu ári til landsliðsverkefna.

HSÍ

HSÍ veittur viðbótarstyrkur að upphæð kr. 1.000.000,- vegna verkefna A-landslið karla á haustinu 2010.

HSÍ veittur styrkur að upphæð kr. 4.000.000,- vegna þátttöku og undirbúnings A-landsliðs kvenna í úrslitakeppni EM 2010.

Eftirtaldar tillögur Styrktarsjóðs ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna um styrkveitingar samþykktar:

HSÍ

HSÍ veittur styrkur að upphæð kr. 500.000,- vegna þátttöku U-20 ára pilta í úrslitakeppni 2010.

HSÍ veittur styrkur að upphæð kr. 500.000,- vegna þátttöku U-18 ára pilta í úrslitakeppni 2010.

KKÍ

KKÍ veittur styrkur að upphæð kr. 250.000,- vegna landsliðsverkefna U-20 ára drengja.

- Verkefnasjóðs frá 31.8.2010. **Samþykkt.**
- 2. -4. fundur Íslenskra getrauna
- 560. -563. fundur Íslenskrar getspar

6. Heiðranir

Samþykkt að veita Einari Gylfa Jónssyni sálfræðingi Fagteymis ÍSÍ til margra ára Gullmerki ÍSÍ fyrir störf sín í þágu íþróttahreyfingarinnar. Merkið verður afhent 4. september nk. á Kaffi Flóru í Laugardalnum.

Samþykkt að veita Svövu Árnadóttur Gullmerki ÍSÍ fyrri störf sín í þágu íþróttar fyrir fatlaða. Merkið verður afhent á ársþingi ÍF í vor.

7. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru, bæði héraendis sem erlendis.

8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða haldnir 23. september og 14. október. Athuga á með vinnufund framkvæmdastjórnar 15. október og ef af verður þá fellur fundurinn 14. október niður.

9. Íþróttaping 2011

Samþykkt að halda næsta Íþróttaping ÍSÍ dagana 6.-7. maí 2011.

10. Önnur mál

Fjárlög 2011

Rætt um fjárlagagerð og boðaðan niðurskurð á íþróttatengdum liðum á fjárlögum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, skrifstofustjóri